



BOLUNGARVÍKURKAUPSTAÐUR

Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020

Skipulagshópur - greining hagsmunaaðila

Spurningar

Júní 2007

19.6.2007



Inngangur

Skjal þetta er hluti af vinnu við Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020. Hér er leitast við að fá fram sjónarmið hagsmunaaðila í helstu málaflokkum aðalskipulagsins.

Markmið

Markmið þessarar greiningar hagsmunaaðila eru að:

- Skýra þá hagsmuni sem félög og hópar hafa að gæta vegna aðalskipulagsins.
- Gefa hagsmunaaðilum færi á að kynna sér forsendur núverandi og fyrirhugaðra skipulagstillagna svæðisins.
- Félögin móti sér skoðun um ýmis mál út frá fyrirliggjandi forsendum og hagsmunum sínum.

Greiningin verður grundvöllur fyrir sameiginlega stefnumótun hagsmunaaðila um þetta svæði.

Forsendur og grunnupplýsingar

Eftirfarandi grunn gögn nýtast við greininguna:

- Leiðbeiningar um aðalskipulag (nánari upplýsingar um aðalskipulag má finna á vef Skipulagsstofnunar).
- Aðalskipulag Bolungarvíkur 1980-2000 (greinargerð og uppdráttur)
- Loftmynd af svæðinu
- Niðurstöður íbúafings.
- Upplýsingar um friðlýst svæði og önnur svæði á náttúruminjaskrá.

Spurningar í einstökum málaflokkum

1. LEIÐARLJÓS

- a. Hvernig umhverfi og samfélag vill hópurinn sjá í Bolungarvík í framtíðinni?

2. VERNDUN

2.1. Náttúra

- a. Er verndun náttúruverðmæta tryggð eða gengur hún of langt í dag?
- b. Hvernig vill hópurinn að þróun svæðisins verði m.t.t. náttúruverndar?
- c. Hvaða svæði eða náttúru fyrirbrigði ber að leggja áherslu á í skipulaginu?
- d. Hvaða áhrif geta tillögur hópsins haft á umhverfi og samfélag?
- e. Getu hugmyndir hópsins leitt til hagsmunaárekstra?

2.2. Menningarminjar

- a. Er verndun minja tryggð eða gengur hún of langt í dag?
- b. Hvernig vill hópurinn að þróun svæðisins verði m.t.t. minjaverndar?
- c. Hvaða svæði og / eða minjar ber að leggja áherslu á í skipulaginu?
- d. Hversu mikla og hvers konar áherslu á að leggja á verndun gamalla húsa og húsabyrpinga?
- e. Hvaða áhrif geta tillögur hópsins haft á umhverfi og samfélag?
- f. Getu tillögur hópsins leitt til hagsmunaárekstra?

2.3. Náttúruvá

- a. Eru einhver óskráð svæði þar sem taka þarf sérstaklega tillit til hugsanlegrar náttúruvá (t.d. ofanflóð, flóð í ám, sjó eða vötnum og ofsaveður)?
- b. Hvernig á að tryggja öryggi á þekktum hættusvæðum, t.d. við hesthúsabyggðina?

2.3. Mengunarvarnir

- a. Eru varnir gegn mengun í vatni, jarðvegi og lofti nægjanlega miklar eða ganga þær of langt?
- b. Hvernig vill hópurinn að mengunarvörnum verði háttað í framtíðinni?
- c. Hvaða svæði og hvers konar mengunarvarnir ber að leggja áherslu á?
- d. Hvaða áhrif geta tillögur hópsins haft á umhverfi og samfélag?
- e. Getu tillögur hópsins leitt til hagsmunaárekstra?

3. BYGGÐ

3.1. Þéttbýli

- a. Hver er æskilegur íbúafjöldi í sveitarfélaginu?
- b. Er þörf á svæðum fyrir nýja íbúabyggð? Hvar?
- c. Hvaða áhrif geta tillögur hópsins haft á umhverfi og samfélag?
- d. Getu tillögur hópsins leitt til hagsmunaárekstra?

3.1. Miðbær

- a. Hvar er miðbærinn eða hvar ætti hann að vera?

19.6.2007

- b. Hver er sérstaða miðbæjarins í dag?
- c. Hvert ætti yfirbragð miðbæjarins að vera?
- d. Hvaða áhrif geta tillögur hópsins haft á umhverfi og samfélag?
- e. Geta tillögur hópsins leitt til hagsmunaárekstra?

3.2 Dreifbýli

- a. Hvaða stefna á að vera um uppbyggingu sumarhúsabyggðar?
- b. Hvaða svæði eru heppileg / óheppileg sem sumarhúsasvæði?
- c. Hvert ætti yfirbragð slíkra svæða að vera?
- d. Hver á stefna um nýtingu eyðijarða að vera?
- e. Á að bjóða upp á annars konar búsetumöguleika? Hvar og hvernig?
- f. Hvaða áhrif geta tillögur hópsins haft á umhverfi og samfélag?
- g. Geta tillögur hópsins leitt til hagsmunaárekstra?

4. ATVINNA

Tiltakið hvaða grein eða greinar er átt við í svörunum, t.d. iðnað, ferðaþjónusta, sjávarútveg og landbúnað.

- a. Eru breytingar í greininni síðustu ár jákvæðar eða neikvæðar?
- b. Hverjar eru helstu ógnir við greinina?
- c. Hverjir eru helstu þróunarmöguleikar í greininni í framtíðinni?
- d. Hvaða svæði henta greininni best?
- e. Hvaða atvinnugreinar geta styrkt hvora aðra og hvaða greinar geta veikt hvora aðra?
- f. Hver eru áhrif greinarinnar á landslag og náttúru?
- g. Geta tillögur hópsins leitt til hagsmunaárekstra á milli atvinnuvega eða landnotkunar?
- h. Hvaða jákvæðu og neikvæðu áhrif mun sameiginleg stefna sveitarfélaga á Vestfjörðum um „stóriðjulausa Vestfirði“ hafa á hópinn?

5. SAMGÖNGUR

Tiltakið hvaða samgönguþætti er átt við í svörunum, t.d. hafnir, flugvelli, vegi, göng, reiðleiðir og gönguleiðir.

- a. Eru áherslur í samgöngumálum réttar eða þarf stefnubreytingu?
- b. Hvaða samgönguleiðir og hvers konar samgöngur á að leggja áherslu á?
- c. Geta breyttar áherslur í samgöngum opnað nýja möguleika í þróun svæðisins s.s. með tilliti til atvinnu og byggðar?
- d. Geta tillögur hópsins leitt til hagsmunaárekstra við aðra landnotkun?

19.6.2007

6. VEITUR OG SORP

6.1 Sorp

- a. eru sorpmál í viðunandi farvegi í dag?
- b. Er núverandi staðsetning móttöku- og förgunarsvæða heppileg?
- c. Geta tillögur hópsins leitt til hagsmunaárekstra við aðra landnotkun?

6.2. Veitur (vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskipti, fráveita)

- a. Þjóna veitukerfi innan sveitarfélagsins þörfum íbúa og atvinnuvega?
- b. Hvaða úrbætur eru nauðsynlegar?

7. FÉLAGS- OG VELFERÐARMÁL

Tiltakið hvaða þætti er átt við í svörum, t.d. félagsmál, heilbrigðismál, menntun og menningu.

- a. Tryggir núverandi stefna réttindi og jafnræði íbúa sveitarfélagsins í félags- og velferðarmálum?
- b. Er þjónustustig í þessum málaflokkum nógu hátt?
- c. Hverjar eiga megináherslur í félags- og velferðarmálaum að vera?
- d. Hvaða áhrif geta breyttar áherslur haft á umhverfi og samfélag?
- e. Geta tillögur hópsins leitt til hagsmunaárekstra?

8. OPIN SVÆÐI OG ÚTIVIST

Tiltakið hvaða þætti er átt við í svörum, t.d. útivist, íþróttir og leiksvæði.

- a. Er aðstaða og dreifing nógu góð m.t.t. útivistar-, íþróttar- og leiksvæða?
- b. Hverjar eiga megináherslur í þessum málum að vera?
- c. Hvaða áhrif geta breyttar áherslur haft á umhverfi og samfélag?
- d. Geta tillögur hópsins leitt til hagsmunaárekstra?

Kynning og skil

Hver fulltrúi vinnur með sínu félagi eða hópi að greiningunni. Í niðurstöðum skal gera stuttlega grein fyrir því hvernig staðið var að vinnunni og hverjir komu að henni. Skila skal niðurstöðum til skipulagsráðgjafa eigi síðar en 20.8. 2007. Einnig má skila inn frekari upplýsingum á uppdrætti. Niðurstöður verða kynntar í skipulagshópi af fulltrúunum þann 3. september. Næstu fundir verða 27. september og 23. október (sjá nánar í leiðbeiningum og verklagi).

Ef nánari upplýsinga er óskað má hafa samband við skipulagsráðgjafa (sjá upplýsingar að neðan), Bolungarvíkurkaupstað (4507000) eða Skipulagsstofnun (5954100).

Teiknistofan Eik

19.6.2007

Suðurgötu 12

400, Ísafirði

Netfang: gunnar@snerpa.is

456 0160

864 6543 (Erla Bryndís) / 865 1663 (Gunnar Páll)